

**Fundargerð 100. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn á Teams, 2. desember 2024, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra
2. Vinna við skýrslu ráðherra um framvindu byggðaáætlunar
3. Sóknaráætlanir landshluta. Staðan við gerð nýrra áætlana og samninga
4. Starf stýrihóps Stjórnarráðsins í fortíð, nútíð og framtíð
5. Næstu fundir
6. Önnur mál

**Mætt:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR, mætti 13:40), Ásta Bjarnadóttir (FOR), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Margrét Erlendsdóttir (HRN, fór 13:36), Sigurður Steingrímsson (HVIN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN, mætti 13:30), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:45) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Baldur Þ. Guðmundsson (MVF) og Sigríður Eysteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra**

Verkefnisstjóri hafði sent stýrihópnum þrjú ný áhersluverkefni frá SSNE sem voru rædd á fundinum. Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leiti tvö þessara verkefna, Efnahagsleg umsvif Norðurlands eystra og Kornskemman. Þriðja verkefnið, Hönnunarþing, verður sent í skriflegt staðfestingarferli vegna fjarveru fulltrúa MVF, en verkefnið heyrir undir ábyrgðasvið þess ráðuneytis.

**2. Vinna við skýrslu ráðherra um framvindu byggðaáætlunar**

Í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar eru settar fram upplýsingar um stöðu hverrar aðgerða, alls 44 aðgerðir. Formaður greindi frá vinnu við söfnun upplýsinga um stöðuna og óskaði eftir liðsinni þar sem það á við. Á vef innráðuneytisins er jafnframt að finna upplýsingar um aðgerðirnar og fréttir þeim tengdum, eftir atvikum.

**3. Sóknaráætlanir landshluta. Staðan við gerð nýrra áætlana og samninga**

Formaður skýrði stöðu málsins. Samningarnir eru tilbúnir og fjármagn fyrir árið 2025 liggur fyrir. Undirritun bíður nýrrar ríkisstjórnar.

**4. Starf stýrihóps Stjórnarráðsins í fortíð, nútíð og framtíð**

Í tilefni þess að um 100. fund stýrihópsins er að ræða og nokkrir fulltrúar hafa nýlega tekið sæti fór formaður starfsemi stýrihópsins frá upphafi eða frá því að stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta fundaði fyrst 19. mars 2012. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál var stofnaður á grunni stýrinetsins og hélt fyrsta fund sinn 2. júní 2014. Nokkrar umræður urðu um þennan lið, sérstaklega um starfið núna og það sem framundan er.

#### **5. Næstu fundir**

Stýrihópurinn á eftir að funda með þremur landhlutasamtökum og verða þeir fundir haldnir í byrjun næsta árs. Einn fundur, með SASS, verður á Teams og farið verður í heimsókn til SSNV og SSH.

Fundur stýrihópsins í byrjun janúar fellur niður.

#### **6. Önnur mál**

Magnús, fulltrúi URN, greindi frá því að hann færi í fæðingaorlof frá áramótum fram á vor og að Dagný Arnarsdóttir kæmi inn í hans stað.

Albertína upplýsti að óvíst er hver tekur við af henni sem áheyrnafulltrúi landshlutasamtakanna. Fyrirhugað var að Dagmar hjá SSA tæki við um áramót, en hún hefur verið ráðin í starf bæjarstjóra Múlaþings.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, sem verið hefur verkefnisstjóri stýrihópsins frá árinu 2017, lætur af störfum um áramótin. Voru henni færðar miklar og góðar þakkir fyrir samstarfið og henni óskað velfarnaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:58.